

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Lög og reglur á fjármagnsmarkaði		
Prófdagur:	27. apríl 2011	Kl.:	17:00-21:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	3 (þ.m.t. forsiða)
Leyfileg hjálpargögn:	Eingöngu leyfilegt að hafa lög, reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin, Kauphöll Íslands hf.)	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. verkefni – 5%

Hvað er fjárfestingarsjóður og hvaða reglur gilda um hann? Hvað greinir hann frá öðrum sjóðum?

2. verkefni – 5%

Fjármálafyrirtæki hafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, heimild til að útvista verkefnum. Hefur fjármálafyrirtækið heimild til að útvista hvaða þætti starfsemi sinnar sem er?

3. verkefni – 5%

Hverjir mega stunda verðbréfamiðlun og hvað felst í þeirri þjónustu? Nefndu dæmi.

4. verkefni – 5%

Skilgreindu hugtakið fruminnherji.

5. verkefni – 10%

Hvað felst í hugtakinu peningamarkaðsinnlán?

6. verkefni – 10%

Eru innlán tryggð hér á landi? Hvaða reglur gilda?

7. verkefni – 10%

Jón Jónsson hafði verið í viðskiptum við viðskiptabanka í yfir 25 ár þegar hann ákvað á haustmánuðum 2010 að leita til annars viðskiptabanka í því skyni að fjárfesta í tilteknum fjárfestingarsjóði sem Jón hafði lesið um í auglýsingum bankans. Í nýja bankanum hittir hann fyrir ráðgjafann Axel. Jón tjáði honum að fyrra bragði í almennum orðum hvernig fjárhagsstöðu sinni væri háttað og spurði Axel hvað hann myndi gera í sinni stöðu. Axel sagði honum að í hans sporum myndi hann fjárfesta í tilteknum fjárfestingarsjóði fyrir 5 milljónir króna, en það var helmingur af sparifé Axels. Axel sagði Jóni að hann væri greinilega almennur fjárfestir en Jón fyllti ekki út spurningalista með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Sex mánuðum eftir þessi kaup fékk Jón sent yfirlit frá bankanum þar sem kom fram að eign hans í fjárfestingarsjóðnum væri að matsvirði 3,5 milljónir. Jón var ekki sáttur við þessa stöðu og leitaði til Axels. Eftir að hafa leitað til lögmanns telur Jón að Axel hafi veitt sér fjárfestingarráðgjöf en Axel telur að svo hafi alls ekki verið heldur hafi Jón tekið sjálfstæða ákvörðun um að fjárfesta í fjárfestingarsjóðnum.

Fjallaðu um hvort Axel hafi veitt Jóni fjárfestingarráðgjöf eða ekki og hvaða áhrif það hefur á réttarstöðu aðila.

8. verkefni – 10%

Stjórn viðskiptabanka er að ráða bankastjóra og yfirmann miðlunar. Stjórnin auglýsir stöðurnar og fær fjölda umsókna. Til hvaða atriða þarf stjórnin að horfa þegar ráðið er í störfina og hvaða reglum þarf hún að fylgja?

9. verkefni – 15%

Forsvarsmaður einkahlutafélags gerði í maí 2009 samning um eignastýringu við viðskiptabanka fyrir hönd félagsins. Í samningnum fólst að bankinn skyldi, gegn endurgjaldi, taka við fjármunum félagsins, sem á þeim tíma námu 50 milljónir króna, til fjárfestingar í fjármálagerningum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning félagsins. Samhliða var gerður skiptasamningur um kaup á hlutabréfum og voru kaupin fjármögnuð að fullu með láni frá

bankanum í erlendri mynt. Forsvarsmáður félagsins undirritaði yfirlýsingu þar sem bankanum voru settir að handveði allir fjármunir félagsins til tryggingar skuldum félagsins hjá bankanum auk þess sem hann undirritaði markaðsskilmála bankans fyrir hönd einkahlutafélagsins.

Einkahlutafélagið var flokkað sem fagfjárfestir hjá fjárfestingarbankanum og jafnframt lá fyrir að félagið var flokkað sem hæfur fjárfestir hjá Fjármálaeftirlitinu. Til grundvallar flokkun félagsins sem fagfjárfestir lá fyrir ofangreint verðgildi verðbréfaeignar félagsins, auk þess sem viðskiptastjóri sem sá um einkahlutafélagið hjá bankanum hafði unnið yfir 5 ár á eignastýringasviði bankans og hafði lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Frá maí á árinu 2009, í kjölfar eldri samninga, voru gerðir fjölmargir skiptasamningar milli félagsins og bankans, en þegar síðast skiptasamningurinn var gerður upp í nóvember 2010, varð ljóst að tap félagsins nam samtals 46 milljónir króna. Bankinn tók til sín fjármuni félagsins sem höfðu verið settir bankanum að handveði.

Forsvarsmáður einkahlutafélagsins er mjög ósáttur við þessi málalok og leitar ráða hjá þér hvort fjárfestingarbankinn hafi í einu og öllu farið að þeim lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda og hvað sé hægt að gera. Fjallaðu um til hverra ráða hann getur gripið og á hvaða grundvelli.

10. verkefni – 15%

Hlutafélagið Útflutningur hf. er með þrjú skuldabréfaflokka skráða hjá Nasdaq OMX. Erlendur fjárfestir er í viðræðum við félagið um að kaupa hlutfé í því. Fjárfestirinn lýkur kostgæfniathugun á félaginu og fulltrúi fjárfestisins hringir í forstjóra félagsins til að segja honum frá því að málið sé í höfn og nú þurfi bara að uppfylla formskilyrði eins og að leggja málið fyrir fjárfestingarráð hjá sér og þess háttar og að það ætti að vera hægt að undirrita samninga á næstu dögum. Forstjórinn boðar til stjórnarfundar um kvöldið og segir stjórninni þessar góðu fréttir og fær stjórnarheimild til að undirrita samning og gefa út hlutfé. Samningurinn er síðan undirritaður viku síðar.

Settu þig í spor lögfræðings félagsins sem þarf annars vegar að tryggja trúnað um upplýsingar en hins vegar að gæta að því að upplýsingar fari inn á markaðinn með tilhlýðilegum hætti. Fjallaðu um það hvaða reglur gilda við þessar aðstæður og komdu með tillögu um aðgerðaráætlun fyrir stjórnina.

11. verkefni – 10%

Rekstrarfélagið Hekla fann fyrir miklum áhuga frá fjárfestum að finna leiðir til að taka þátt í endurreisn íslenska efnahagslífsins með því að kaupa hluti í fyrirtækjum sem voru komin í hendur viðskiptabanka. Rekstrarfélagið hefur stofnað fagfjárfestasjóðinn „Endurreisnarsjóðurinn“. Rekstrarfélagið er í eigu Landbúnaðarbankans.

Farið er af stað með undirbúning á kynningu fjárfestingarkostsins fyrir fjárfestum.

Hvaða reglur gilda um slíka kynningu? Hverjir geta keypt sig inn í sjóðinn? Til hvaða aðila leitar fjárfestir sem hefur áhuga á að fjárfesta í sjóðnum og hvað þarf sá sem er að kynna þennan fjárfestingarkost að hafa í huga við val á fjárfestum.